



1. Spjall eftir helgina



H3.65

Ásdís: Hvað varst þú að gera um helgina?

Sigrún: Ég þreif alla íbúðina rosalega vel. Svo fór ég í kaffi til Lóu og drakk allt of mikið kaffi og sá nýja köttinn hennar. Ég fékk mjög góða ostaköku hjá henni. En hvað gerðir þú?



Ásdís: Ég fór upp í sumarbústað og lá í leti alla helgina. Ég las ótrúlega skemmtilega bók. Hún heitir *Nóttin á bátnum*.

Sigrún: Já, hún er ótrúlega góð. Gerðirðu ekkert meira?

Ásdís: Jú, jú. Ég skrapp líka í golf og bauð frænda mínum í heimsókn. Hann gaf mér tré til að gróðursetja við bústaðinn. Hvernig svafstu annars í nýja rúminu sem þú varst að kaupa?

Sigrún: Ég svaf bara mjög vel. Þetta er miklu betra.

1.1 Hvað gerðir þú ...



í nótt?	um helgina?	um jólin?
í gær?	í fyrra?/á síðasta ári?	í fríinu?
í fyrradag?	í fyrrasumar?	

Búðu til setningar



	Ég ...	
(að bjóða)	bauð	<i>Ég bauð vinkonu minni í heimsókn í gær.</i>
(að drekka)	drakk	
(að fá)	fékk	<i>Ég fékk íslenskan ríkisborgararétt á síðasta ári.</i>
(að fara)	fór	
(að gefa)	gaf	
(að lesa)	las	
(að liggja)	lá	
(að sjá)	sá	
(að skreppa)	skrapp	
(að sofa)	svaf	
(að vera)	var	
(að þrifa)	þreif	

1.2 Tölum saman!

- a) Hvað sást þú á leiðinni í skólann? *Ég sá ...*
- b) Hvað drakkst þú í morgun?
- c) Last þú dagblað í dag?
- d) Hvenær fórst þú síðast í bíó?
- e) Hvernig svafst þú í nótt? *Ég svaf vel/sæmilega/illa*


2. Bob og Ann heimsækja Ísland

H3.66

Reykjavík og nágrenni

Flosi og Þórey höfðu mikið að gera í síðustu viku! Vinahjón þeirra frá Bandaríkjunum komu í heimsókn og Flosi og Þórey reyndu að sýna þeim eins mikið og þau gátu.

Á föstudaginn komu Bob og Ann til Íslands. Flosi og Þórey sóttu þau á flugvöllinn og drifu sig strax í Bláa Lónið. Þau slöppuðu af í Bláa Lóninu. Síðan fóru þau heim og borðuðu grillaðan lax heima. Eftir kvöldmat skruppu þau í bæinn að ganga um og skoða mannlífið. Þau fóru líka á vinsælan bar. Bob og Ann fannst svo gaman á barnum að þau vöktu allt of lengi og fóru ekki að sofa fyrr en klukkan þrjú um nóttina.



Næsta morgun vaknaði Flosi snemma og fór í bakaríið. Hann keypti nýtt brauð og kleinuhringi í bakaríinu. Eftir morgunmat fóru þau öll í langan göngutúr og síðan í sund og lágu lengi í heita pottinum. Eftir sundið fóru þau í Perluna. Þau keyptu sér öll stóran ís í Perlunni og skoðuðu útsýnið heillengi. Eftir Perluna fóru þau í bíltúr um alla Reykjavík og heimsóttu líka Bessastaði, þar sem forsetinn á heima. Ann finnst gaman að versla svo þau kíktu í búðir og fóru í Kringluna, á Laugavegin og í Kolaportið. Ann og Bob keyptu flíspeysur í Kringlunni, íslenska hönnun á Laugaveginum og nýjan harðfisk í Kolaportinu. Um kvöldið fóru þau út að borða á fínan veitingastað. Þau sátu lengi á veitingastaðnum og spjölluðu saman um gamla daga!

Daginn eftir keyrðu þau „gullna hringinn“ og skoðuðu Gullfoss, Geysi og Þingvelli. Bob finnst skemmtilegt að veiða svo þau keyptu veiðileyfi í Þingvallavatni og reyndu að veiða silung. Bob veiddi tvo fiska og var mjög ánægður.

2.1 Spyrjið og svarið

1. Hverjir sóttu Bob og Ann á flugvöllinn?
2. Hvaðan eru vínahjón Flosa og Póreyjar?
3. Hvert fór Flosi snemma á laugardagsmorgninum?
4. Hvað keyptu Bob og Ann í Reykjavík?
5. Hvað gerðu þau á veitingastaðnum?
6. Hvað gerðu þau á föstudeginum?
7. Hvað gerðu þau á laugardeginum?
8. Hvað gerðu þau á sunnudeginum?
9. Hefur þú farið „gullna hringinn“?
10. Hvað finnst þér skemmtilegt að gera í Reykjavík?

Pátíð					
að skoða		að sýna		að fara	
ég	skoðaði	ég	sýndi	ég	fór
þú	skoðaðir	þú	sýndir	þú	fórst
hann/hún/það	skoðaði	hann/hún/það	sýndi	hann/hún/það	fór
við	skoðuðum	við	sýndum	við	fórum
þið	skoðuðuð	þið	sýnduð	þið	fóruð
þeir/þær/þau	skoðuðu	þeir/þær/þau	sýndu	þeir/þær/þau	fóru
<i>Ég hef skoðað</i>		<i>Ég hef sýnt</i>		<i>Ég hef farið</i>	

að keyra		að kaupa		að sitja	
ég	keyrði	ég	keypti	ég	sat
þú	keyrðir	þú	keyptir	þú	sast
hann/hún/það	keyrði	hann/hún/það	keypti	hann/hún/það	sat
við	keyrðum	við	keyptum	við	sátum
þið	keyrðuð	þið	keyptuð	þið	sátuð
þeir/þær/þau	keyrðu	þeir/þær/þau	keyptu	þeir/þær/þau	sátu
<i>Ég hef keyrt</i>		<i>Ég hef keypt</i>		<i>Ég hef setið</i>	

2.2 Merktu við rétta sögn



Dæmi: Anna fórst fór fóru í bíó í gær.


1. Ég reyndum reyndir reyndi að læra heima um helgina.
2. Við skoðuðum skoðaði skoðuðu í búðir í síðustu viku.
3. Þú drakkst drukku drakk of mikið kaffi í gær.
4. Hann keyptuð keypti keyptum kökur og brauð í búðinni.
5. Þau sat sátum sátu allan daginn á kaffihúsinu.
6. Þið lágu láguð lá lengi í heita pottinum.
7. Hún gafst gáfuð gaf mér blóm í afmælisgjöf.
8. Þú svafst sváfum svaf vel í nýja rúminu.
9. Þau kíkti kíktuð kíktu í búðir í fyrradag.
10. Ég voruð var varst hress í gær og fór út að hjóla.



2.3 Skrifaðu textann aftur og breyttu þau í ég og breyttu undirstrikuðu orðunum

Jóhannes og Alma fóru í búðir í gær. Þau keyptu ljósaperur, loftljós og málningu. Þau versluðu líka inn fyrir heimilið. Þau keyrðu líka um bæinn og skoðuðu ný hús í bænum. Þau sáu nýtt parhús sem þau langar að kaupa. Þau skruppu í smá heimsókn til systur Ölmú, sátu úti á palli og drukku kaffibolla. Þegar þau voru komin heim máluðu þau stofuna og skiptu um ljós. Þau voru ánægð með nýja litinn á stofunni og sváfu vel um nóttina!

Ég fór í búðir í gær. Ég _____



2.4 Hringvegurinn



H3.67

Á mánudaginn vöknuðu Bob, Ann, Flosi og Pórey snemma og drifu sig af stað í ferðalag. Þau keyrðu fyrst austur og stoppuðu í Þjóðgarðinum í Skaftafelli þar sem þau borðuðu nesti. Þau gistu á Höfn í Hornafirði hjá ættingjum Flosa sem buðu þeim upp á humarveislu. Næstu daga ferðuðust þau um austfirðina og gistu í sumarbústað á Egilsstöðum. Þar er stærsti skógur Íslands, Hallormsstaðaskógur.



Á fimmtudaginn voru þau komin norður á Akureyri þar sem þau leigðu tjaldvagn til að sofa í. Þau fóru með tjaldvagninn á Dalvík og tóku þátt í bæjarhátíðinni Fiskidagurinn mikli. Það var mikið fjör á hátíðinni og allir gestir fengu ókeypis fiskisúpu frá bæjarbúum.

Brot úr bloggi Póreyjar:



H3.68

Mér fannst mjög gaman í ferðalaginu en var orðin ansi þreytt undir lokin. Ég kveið fyrir því að sofa í tjaldvagninum með Bob og Ann því þau eru ekki vön því að sofa í tjaldi. En það gekk bara ótrúlega vel og þeim fannst það mjög spennandi. Við sáum hval í hvalaskoðunarferð á Húsavík og það var frábært! Ég hef aldrei séð hval áður.

2.5 Haltu áfram með bloggið! Skrifaðu rétt orð í eyðurnar



sváfum fórum skoðuðum gamalt lítill heim keyra gengum

Á leiðinni _____ fórum við vestur á Snæfellsnes og _____ eina nótt á gistiheimili. Við _____ á Snæfellsjökul og löbбуðum í fjörunni. Nú erum við búin að _____ hringinn, fyrir utan Vestfirðina. Ég og Flosi _____ um Vestfirðina í fyrrasumar og við _____ líka _____ hús á Ísafirði sem afi minn bjó í þegar hann var _____ strákur.



Hvað segir Fríða frænka?

Það er mikið af upplýsingum um ferðir og gistingu á Íslandi á netinu.

Það er hægt að ferðast um Ísland: *gangandi, á hjóli, í bíl, í rútu, með flugvél – og á hesti!*

Það er hægt að gista: *í tjaldi, í tjaldvagni, í húsbíl, á gistiheimili, á hóteli, í sumarbústað og hjá bændum!*

Hefur pú ferðast um Ísland?	Já, ég hef ferðast mikið. Nei, ég hef ekki ferðast um Ísland.
Hvert hefur pú farið ?	Ég hef farið um Norðurland.
Hvert hafið þið farið ?	Við höfum keyrt hringinn.

2.6 Tölum saman!



- Hefur þú ferðast um Ísland?
- Hvert hefur þú farið á Íslandi?
- Hefur þú keyrt hringinn á Íslandi?
- Hefur þú farið á hestbak?
- Hefur þú sofið í tjaldi?
- Hvaða staði á Íslandi langar þig að sjá?



2.7 Get ég fengið launahækkun?



H3.69

- Pálína: Sigurjón, get ég fengið launahækkun?
- Sigurjón: Ha!
- Pálína: Get ég fengið launahækkun? Ég hef unnið hér í þrjú ár. Ég hef aldrei verið veik og hef alltaf mætt á réttum tíma.
- Sigurjón: Já, það er rétt hjá þér. Getur þú komið til mín í launaviðtal á morgun?
- Pálína: Já, ég get það!
- Sigurjón: Flott. En getur þú kannski tekið aukavakt í kvöld?

Getur þú hjálpað mér aðeins?	Já, ég get það! Nei, ég get það ekki.
Getur þú aðstoðað mig?	
Getur þú hringt fyrir mig?	Nei, því miður.
Getur þú spurt fyrir mig?	
Getur þú tekið aukavaktir?	
Getur þú unnið á morgun?	Já pú getur það.
Get ég fengið frí á morgun?	
Get ég talað við þig á eftir?	


3. Flug H3.70

Thang og öll fjölskyldan fóru til Víetnam í fyrrasumar. Þau keyptu miða á ferðaskrifstofu og þurftu að millilenda í Frankfurt. Það var ekki beint flug frá Íslandi til Víetnam. Þau höfðu bara tvo klukkutíma til að skipta um flugvél í Þýskalandi og það var mjög stressandi! Tengdadóttir Thang var með í ferðinni og barnabarnið líka. Barnið grét mikið á flugvellingum en það var enginn tími til að gefa því að borða. Þau þurftu að hlaupa til að ná í næstu flugvél. En ferðalagið gekk vel og afi og amma í Víetnam grétu af gleði þegar þau sáu fjölskylduna í fyrsta sinn í fimm ár.



Þurftir þú að millilenda á leiðinni til Íslands?

að gráta
Ég **græt** stundum.
Ég **grét** í bío í gær.

Að ferðast með flugvél - orðaforði: 

Brottför er klukkan 7.30 = Flugvélin **fer** klukkan 7.30.

Komutími er klukkan 22.45 = Flugvélin **lendir** (kemur) klukkan 22.45.

Fríhöfn = Búðir á flugvöllum þar sem hægt er að versla ódýrt, til dæmis snyrtivörur, raftæki, áfengi, sælgæti, föt og margt fleira.

3.1 Manstu eftir fleiri orðum?

að kaupa	Kaupir þú oft flugmiða?	Nei, ég kaupi sjaldan flugmiða.
	Keyptir þú flugmiða á síðasta ári?	Já, ég keypti flugmiða á síðasta ári. Nei, ég keypti ekki miða.
	Hefur þú keypt flugmiða á netinu?	Já, ég hef keypt miða á netinu einu sinni.
að bíða	Bíður þú eftir sumarfríinu?	Já, ég bíð .
	Parft þú að bíða lengi á flugvöllum?	Já, ég þarf alltaf að bíða lengi.
	Þurftir þú að bíða lengi hjá læknum í gær?	Já, ég þurfti að bíða lengi. Nei, ég þurfti ekki að bíða lengi.

3.2 Tengdu rétt saman



1. Ég tek strætó í skólann _____ og þarf að bíða lengi.
2. Hann keypti flugmiða _____ á skiptistöð.
3. Þau keyptu nýja myndavél _____ á ferðaskrifstofu.
4. Þær þurfa að millilenda í Taívan 1 á morgnana.
5. Hann situr á flugvelli _____ í fríhöfninni.
6. Hún fór með rútu _____ á leiðinni frá Íslandi til Kína.
7. Ég skipti um strætó _____ til Akureyrar.
8. Þeir voru fimm tíma í flugvél _____ á leiðinni til New York.

3.3 „Allir, sumir, enginn“ eru fullyrðingarnar réttar?



Gerðu könnun í bekknum. Hver nemandi spyr alla í bekknum einnar spurningar og merkir hvað margir svara „já“ og hvað margir „nei“

- Dæmi: Allir kaupa ilmvatn á flugvelli Já: |||| Nei: ||||
1. Allir hafa farið í flugvél.
Spurning: Hefur þú farið í flugvél? Já: _____ Nei: _____
 2. Sumir eru flughræddir.
Spurning: Ertu flughrædd/ur? Já: _____ Nei: _____
 3. Allir elska flugvélamat!
Spurning: Elskar þú flugvélamat? Já: _____ Nei: _____
 4. Enginn drekkur bjór í flugvél.
Spurning: Drekkur þú bjór í flugvél? Já: _____ Nei: _____
 5. Flestir hafa alltaf þunga ferðatösku.
Spurning: Ert þú alltaf með þunga ferðatösku? Já: _____ Nei: _____
 6. Sumir hafa verslað of mikið í fríhöfninni.
Spurning: Hefur þú verslað of mikið í fríhöfninni? Já: _____ Nei: _____
 7. Allir þurfa að bíða lengi á flugvelli.
Spurning: Bíður þú lengi á flugvelli? Já: _____ Nei: _____
 8. Enginn hefur misst af flugvél.
Spurning: Hefur þú misst af flugvél? Já: _____ Nei: _____
 9. Sumir hafa millilent.
Spurning: Hefur þú millilent? Já: _____ Nei: _____
 10. Flestir hafa keypt flugmiða á netinu.
Spurning: Hefur þú keypt flugmiða á netinu? Já: _____ Nei: _____



Hvað segir Fríða frænka?

Það er auðvelt að panta flugmiða á netinu, bæði innanlands og til útlanda. Veistu hvað eru mörg flugfélög á Íslandi?

4. Sterkar sagnir

Skrifaðu orðin sem vantar



sögn	ég – þátíð	við – þátíð	ég hef .../ég get ... lýsingarháttur þátíðar
að bíða að þrífa	ég <i>beið</i> þú <i>beiðst</i> hann/hún/það <i>beið</i> ég _____	við <i>biðum</i> þið <i>biðuð</i> þeir/þær/þau <i>biðu</i> við _____	ég hef <i>beðið</i> ég get <i>beðið</i> ég hef þrifið
að bjóða að sjóða að fljúga	ég <i>bauð</i> ég _____ ég <i>flaug</i>	við <i>buðum</i> við _____ við <i>flugum</i>	ég hef <i>boðið</i> ég hef _____ ég hef <i>flogið</i>
að drekka að skreppa að vinna	ég <i>drakk</i> ég _____ ég _____	við <i>drukum</i> við _____ við <i>unnum</i>	ég hef <i>drukkið</i> ég hef <i>skroppið</i> ég hef <i>unnið</i>
að koma	ég <i>kom</i>	við <i>komum</i>	ég hef <i>komið</i>
að sofa	ég <i>svaf</i>	við <i>sváfum</i>	ég hef <i>sofið</i>
að gefa að geta að lesa að liggja að sjá að vera	ég <i>gaf</i> ég _____ ég _____ ég <i>lá</i> ég <i>sá</i> ég _____	við <i>gáfum</i> við _____ við _____ við _____ við _____ við <i>vorum</i>	ég hef <i>gefið</i> ég hef <i>getað</i> ég hef _____ ég hef <i>legið</i> ég hef <i>séð</i> ég hef _____
að fara að taka	ég <i>fór</i> ég _____	við <i>fórum</i> við _____	ég hef <i>farið</i> ég hef <i>tekið</i>
að gráta að fá að ganga að hlaupa að búa	ég <i>grét</i> ég <i>fékk</i> ég <i>gekk</i> ég <i>hljóp</i> ég <i>bjó</i>	við <i>grétum</i> við <i>fengum</i> við _____ við <i>hlupum</i> við <i>bjuggum</i>	ég hef <i>grátið</i> ég hef <i>fengið</i> ég hef _____ ég hef <i>hlaupið</i> ég hef <i>búið</i>

4.1 Skrifaðu orðin rétt



Dæmi: að fljúga: Ég **flaug** til Sviss í síðustu viku. Þær **flugu** á undan mér.
Ég hef oft **flogið** í litlum flugvélum.



- að þrifa:** Ég _____ íbúðina mína í fyrradag. Þau _____
bílinn í síðustu viku. Hann hefur aldrei _____ ísskápinn sinn!
- að bíða:** Hann _____ lengi eftir konunni sinni. Við _____ í þrjá
mánuði eftir svari frá Útlendingastofnun. Ég get ekki _____ lengur.
- að bjóða:** Hún _____ mér í heimsókn í fyrra. Við _____ vinum okkar
í grillpartý. Ég get ekki _____ mörgum í einu í heimsókn.
- að sjóða:** Ég _____ allt of mikið af pasta og þurfti að henda restinni!
- að drekka:** Þú _____ of mikið í gær. Við _____ ekki mikið.
Ég hef oft _____ gott te í Kína.
- að vinna:** Ég _____ einu sinni í póstinum. _____ þið lengi í gær?
Þær geta ekki _____ vaktavinnu.
- að sofa:** Hvernig _____ þú í nótt? Við _____ vel í nýja rúminu.
Barnið hefur aldrei _____ á hóteli.
- að fara:** Þú _____ í gær án þess að kveðja mig! Við _____ saman
í ferðalag um Asíu árið 2007. Þau geta _____ til London á næsta ári.
- að fá:** Hann _____ dvalarleyfið í síðustu viku. Við _____
ríkisborgararétt á síðasta ári. Hún hefur ekki enn _____ vinnu.
- að liggja:** Ég _____ á spítala í fyrra. Ég hef aldrei _____ á spítala fyrr.
- að gefa:** Ég _____ honum dýra afmælisgjöf. Við _____
henni blóm í innflutningsgjöf. Hann hefur oft _____ mér sætar gjafir.
- að búa:** Ég _____ úti á landi í mörg ár. Þau _____ lengi í blokk.
Ég get ekki _____ með tengdaforeldrum mínum!

5. Hvað kann ég?



5.1 Tölum saman!



- Beiðstu** eftir einhverjum í fyrradag?
Hefurðu oft **beiðið** eftir einhverjum?
- Skrappst** þú út í banka í gær?
Hefur þú stundum **skroppið** út í banka?
- Bjóstu** einu sinni annars staðar en á Íslandi?
Í hvaða löndum hefur þú **búið**?

5.2 Búðu til setningar í þátíð með þessum sögnum



Dæmi: **að ganga:** *Ég gekk* í skólann dag. *Ég hef* oft *gengið* í skólann.

a) **að fara:**

b) **að sjá:**

d) **að koma:**

e) **að fljúga:**

f) **að fá :**

5.3 Settu rétt orð í eyðurnar



sátum keypti fórum fékk drukku keyrði fengu keyrt drakk farið

Vinir mínir heita Carl og Kata. Við _____ út að borða um daginn. Við höfum oft _____ eitthvað saman. Við _____ lengi á veitingastaðnum. Þau _____ góðan fisk og _____ hvítvín. Ég _____ vont kjöt og ég _____ bara gos. Carl _____ ís fyrir alla. Ég _____ þau heim á gamla bílnum mínum. Þau hafa oft _____ mig heim.

6. Sjálfsmat – Petta kann ég!



1. Ég kann að segja

- | | | | |
|-----------|----------------------------------|--------------------------------------|--|
| að búa: | <input type="checkbox"/> ég bjó | <input type="checkbox"/> við bjuggum | <input type="checkbox"/> ég hef búið |
| að fara: | <input type="checkbox"/> ég fór | <input type="checkbox"/> við fórum | <input type="checkbox"/> ég hef farið |
| að fá: | <input type="checkbox"/> ég fékk | <input type="checkbox"/> við fengum | <input type="checkbox"/> ég hef fengið |
| að gefa: | <input type="checkbox"/> ég gaf | <input type="checkbox"/> við gáfum | <input type="checkbox"/> ég hef gefið |
| að lesa: | <input type="checkbox"/> ég las | <input type="checkbox"/> við lásum | <input type="checkbox"/> ég hef lesið |
| að sjá: | <input type="checkbox"/> ég sá | <input type="checkbox"/> við sáu | <input type="checkbox"/> ég hef séð |
| að sofa: | <input type="checkbox"/> ég svaf | <input type="checkbox"/> við sváfum | <input type="checkbox"/> ég hef sofið |
| að vera: | <input type="checkbox"/> ég var | <input type="checkbox"/> við vorum | <input type="checkbox"/> ég hef verið |
| að vinna: | <input type="checkbox"/> ég vann | <input type="checkbox"/> við unnum | <input type="checkbox"/> ég hef unnið |

2. Ég kann að spyrja og svara

- | | |
|---|--|
| <input type="checkbox"/> Hvenær komst þú til Íslands? | <input type="checkbox"/> Ég kom ... |
| <input type="checkbox"/> Hefur þú unnið á Íslandi? | <input type="checkbox"/> Já, ég hef ... |
| <input type="checkbox"/> Hvernig svafstu í nótt? | <input type="checkbox"/> Ég svaf vel/sæmilega/illa |
| <input type="checkbox"/> Hefur þú ferðast á Íslandi? | <input type="checkbox"/> Já, ég hef ... /Nei, ég ... |
| <input type="checkbox"/> Hvaða sást þú í gær? | <input type="checkbox"/> Ég sá ... |
| <input type="checkbox"/> Getur þú komið á morgun? | <input type="checkbox"/> Já, ég get það./Nei, ég ... |
| <input type="checkbox"/> Get ég fengið launahækkun? | <input type="checkbox"/> Já, þú getur það/Nei, þú getur ekki ... |

3. Ég kann orðin

- | | |
|--|--|
| <input type="checkbox"/> að millilenda | <input type="checkbox"/> launahækkun |
| <input type="checkbox"/> að ferðast | <input type="checkbox"/> launaviðtal |
| <input type="checkbox"/> aukavakt | <input type="checkbox"/> sumarþústaður |
| <input type="checkbox"/> flugmiði | <input type="checkbox"/> tjald |
| <input type="checkbox"/> flugvöllur | |

4. Hvað lærði ég fleira í 8. kafla?

5. Hvað ætla ég að nota?

6. Hvað þarf ég að læra betur?

Pátíð: Sterkar sagnir

Endingar

ég	-		drekka	sjá	lesa
þú	-st	ég	drakk	sá	las
hann	-	þú	drakk st	sá st	la st
hún	-	hann	drakk	sá	las
það	-	hún	drakk	sá	las
við	-um	það	drakk	sá	las
þið	-uð	við	drukk um	sá um	lá sum
þeir	-u	þið	drukk uð	sá uð	lá suð
þær	-u	þeir	drukk u	sá u	lá su
þau	-u	þær	drukk u	sá u	lá su
		þau	drukk u	sá u	lá su
		ég hef/get	drukki ð	sé ð	lesi ð

Algengar sterkar sagnir í kennimyndum

nafnháttur	ég ...	við ...	ég hef .../ég get ...
í	ei	i	i
bíða	beið	biðum	beðið
bíta	beit	bitum	bitið
drífa	dreif	drifum	drifið
líða	leið	liðum	liðið
líta	leit	litum	litið
kvíða	kveið	kviðum	kviðið
slíta	sleit	slitum	slitið
þrífa	þreif	þrifum	þrifið
jó/jú	au	u	o
bjóða	bauð	buðum	boðið
sjóða	sauð	suðum	soðið
fljúga	flaug	flugum	flogið
ljúga	laug	lugum	logið
e/i	a	u	o/u
detta	datt	duttum	dottið
drekka	drakk	drukkum	drukkið
finna	fann	fundum	fundið
sleppa	slapp	sluppum	sloppið
skreppa	skrapp	skruppum	skroppið
springa	sprakk	sprungum	sprungið
vinna	vann	unnum	unnið
verða	varð	urðum	orðið

nafnháttur	ég ...	við ...	ég hef .../ég get ...
e bera skera sofa stela	a bar skar svaf stal	á bárum skárum sváfum stálum	o borið skorið sofið stolið
i/e ákveða biðja drepa gefa geta lesa liggja reka sitja sjá vera	a ákvað bað drap gaf gat las lá rak sat sá var	á ákváðum báðum drápum gáfum gátum lásum lágum rákum sátum sáum vorum	e ákveðið beðið drepíð gefið getað lesið legið rekið setið séð verið
a fara deyja hefja hlæja standa taka	ó fór dó hóf hló stóð tók	ó fórum dóum hófum hlógum stóðum tókum	a/e farið dáið hafið hlegið staðið tekið
Nokkrar fleiri!			
búa fá ganga gráta halda heita hlaupa koma láta leika ráða	bjó fékk gekk grét hél hét hljóp kom lét lék réð	bjuggum fengum gengum grétum hældum hétum hlupum komum létum lékum réðum	búið fengið gengið grátið haldið heitið hlaupið komið látið leikið ráðið





orð	þýðing
að bíða	
að bjóða	
að fá	
að ferðast	
að fljúga	
að gefa	
að geta	
að gista	
að grilla	
að hafa	
að kíkja	
að millilenda	
að skreppa	
að taka	
aukavakt	
ferðataska	
flughræddur	
flugmiði	
flugvél	
flugvöllur	
hvalur	
launahækkun	
nesti	
sumarbústaður	
veiðileyfi	
vinsæll	